

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 251 31. des. 1965, um breyting á reglugerð fyrir Vatnsveitu Kópavogskaupstaðar nr. 183 12. des. 1958.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fyrsta málsg. 10. gr. reglugerðar nr. 183/1958 orðist svo:

Af hverju húsi sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveitu kaupstaðarins, skal greiða árlega vatnsskatt til vatnsveitunnar, 3.0% af fasteignamatsverði, þó er lágmarksupphæð skattsins fyrir íbúðarhús kr. 750.00 af hverri íbúð.

Greinin óbreytt að öðru leyti.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1970.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 38.

26. febrúar 1970.

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um afgreiðslutíma verzlana í Hafnarfirði, nr. 58 frá 16. febrúar 1968.

1. gr.

A-liður 6. gr. orðist svo:

Sérverzlanir með blóm og blómavörur, bifreiðastöðvar, biðskýli og verzlanir, sem hafa sérstakt leyfi bæjarstjórnar og heilbrigðisnefndar til að verzla með takmarkaðan fjölda vörutegunda, nánar tiltekið: Blöð, tóbaksvörur, öl, gosdrykki, ís, brauðvörur, mjólk, nýja ávexti, heitar pylsur, handsápur, tannkrem, raksápur, rakblöð, kort, frimerki, tímarit, ritföng, rafmagnsöryggi, rafmagnsperur, rafhlöður, eldspýtur.

Samþykktarbreyting þessi, sem bæjarstórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, öðlast þegar gildi, þó með þeim takmörkunum, sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 setja og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. febrúar 1970.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.